



Júní 2022

á íslensku

**Enginn á meiri kærleik en þann
að leggja líf sitt í sölurnar fyrir
vini sína.**

(Jh 15,13)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

**Ekki ein, heldur saman!
Not alone - but together!**

Kæru vinir go4peace,

aftur og aftur þurfti Jesús að upplifa að vinir hans hugsuðu meir um sjálfa sig en aðra. Þeir voru góðir þegar kom að eigin hagsmunum, en settu allt annað fljótt í biðstöðu. Þegar hann sagði þeim að hann yrði settur í hendur fræðimanna og æðstu presta og að þeir myndu drepa hann, tóku þeir það ekki mjög nærri sér. Þeir höfðu frekar rætt á leiðinni hver væri þeirra mestur. Þegar Jesús bauð ungum manni að gefa frá sér auð sinn fór hann sorgmæddur þaðan vegna þess að hann átti mikinn auð og vildi ekki deila honum með fátækum.

Jesús vildi koma vinum sínum í skilning um að lykillinn að leyndardómi Guðsríkis felst ekki í því að eiga mikið og safna miklu heldur í því að gefa sitt eigið líf í kærleika. Þeir gætu lært það af honum. Hann gaf sér tíma til að sinna konu sem hann hitti við Jakobsblindina og opnaði fyrir henni nýtt líf í samtali, hann gaf rómverska hundradshöfðingjanum traust sitt og læknaði þannig þjón hans. Konu, sem var tekin fyrir hórdómsbrot, veitti hann fyrirgefningu. Jesús gaf alltaf líf sitt að nýju. Í gegnum þessa gjöf, í gegnum áþreifanlegan kærleika hans, skapaðist samband við einstaklinginn. Þetta heiðarlega samband varð til þess að menn sáu kærleika Guðs til þeirra. Og við lok lífs síns skildi Jesús leyndarmál sitt eftir fyrir lærisveina sína, en það var: „Eins og ég hef elskað yður, skuluð þér einnig elska hver annan!“ Í þessum gagnkvæma kærleika myndi hann vera með þeim að eilífu.

Tomáš segir: „Ég á vin sem á góðan vin í Úkraínu. Aftur og aftur kallar hann til hans og reynir að vera nálægt honum á þessum erfiða tíma stríðsins. Einn daginn sendi hann honum WhatsApp skilaboð og sagði honum að hann hefði beðið Rósakransbæn fyrir honum. Þá kom svarið: „Takk fyrir að vera einfaldlega til staðar og að senda mér sífellt skilaboð. Það gefur mér styrk og þor. Í dag var ég á ferðinni allan daginn og heimsótti flóttamenn á ýmsum stöðum. Þetta var mikil reynsla og gaf mér raunverulegt hugrekki. Ég hélt bara af stað og gaf líf mitt til að vera nálægt fólki. Ég hef á tilfinningunni að Guð hafi eitthvað í hyggju. Það er gott að vera hluti af starfi Guðs.“ – **Ekki ein, heldur saman! Not alone – but together!**

fyrir go4peace liðið

Meinolf Wacker